Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 12/2018.

Reykjavík, 01.06.2018
2018050199

Efni: Innköllun á Mexíkó lasagne, kjúklingalasagne og lasagne frá Krónunni vegna ómerktra ofnæmis- eða óþolsvalda (egg, sinnep, sellerí).

Krónan hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað af markaði eftirfarandi vörur þar sem tilteknir ofnæmis- eða óþolsvaldar eru ekki tilgreindir í merkingum á umbúðum þeirra.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vörurnar sem innköllunin **einskorðast** við:

Vörumerki: Krónan.
Vöruheiti: Mexíkó lasagne, kjúklingalasagne, lasagne.
Geymsluþolsdagsetningar: Allar.
Strikanúmer: 2208613010067, 2204532010065, 2204520010060.
Framleiðsluland: Ísland.
Dreifing: Verslanir um Krónunnar um land allt.

Krónan Mexíkó lasagne inniheldur egg, sellerí og sinnep án þess að þeirra sé getið í listanum yfir innihaldsefnin á umbúðum vörunnar. Krónan kjúklingalasagne og lasagne innihalda egg en þau eru ekki tilgreind í listunum yfir innihaldsefnin. Egg og afurðir úr þeim, sellerí og afurðir úr því og sinnep og afurðir úr því eru á lista yfir ofnæmis- eða óþolsvalda. Samkvæmt matvælalöggjöfinni eiga ofnæmis- eða óþolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla.

Vörurnar eru skaðlausar fyrir þá sem ekki eru viðkvæmir fyrir eggjum, selleríi og/eða sinnepi. Þeir neytendur sem eiga umræddar vörur og eru viðkvæmir fyrir ofangreindum ofnæmis- eða óþolsvöldum eru beðnir um að neyta þeirra ekki og farga eða skila þeim til þeirrar verslunar þar sem þær voru keyptar. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Júlíusson hjá Krónunni, olijul@kronan.is.

KRÓNAN
KJÚKLINGA LASAGNA
Hollt og gott
UPPRUNALAND: ÍSLAND (IS)

KRÓNAN
LASAGNE
KÆLIVARA 0 4°C
04/06/2018
1649
23/05/2018
0824
1359
Kr